

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

Fundargerð.

1. fundur stjórnar LH. haldinn í Bændahöllinni Reykjavík 12. nóvember 1997.

Þetta er fyrsti fundur stjórnar Landssambands hestamannafélaga að afloknum ársþingum LH. og HÍS á Egilsstöðum 25. október sl. Stjórnin er starfsstjórn tilnefnd af fráfarandi stjórnum LH. og HÍS til eins árs samkvæmt þeim tillögum sem lágu fyrir ársþingunum.

Formaður LH. Birgir Sigurjónsson setti fund kl. 14.00 og bauð fólk velkomið. Hann stjórnæði sjálfur fundi en Halldór Gunnarsson ritaði fundargerð.

Þessir voru mættir:

Aðalmenn í stjórn Birgir Sigurjónsson formaður, Jón A. Sigurbjörnsson, Sigurgeir Bárðarsson, Sigrún Ólafsdóttir, Sigríður Sigþórsdóttir, Halldór Gunnarsson, Bergur Jónsson.

Varamenn: Sigurður Ragnarsson, Sigfús Ó Helgason, Sigurður Marínusson, Oddný Jónsdóttir, Haraldur Þórarinsson og framkvæmdastjóri LH. Sigurður Þórhallson.

Formaður LH. Birgir Sigurjónsson kynnti í upphafi fundar þau fundarsköp sem fara ber eftir á stjórnarfundum og lagði áherslu á að stjórnarmenn fengju orðið í þeirri röð sem þeir gæfu merki um að fá að taka til máls. Þá lagði hann áherslu á að menn gættu þess í umræðum að halda sig við þann dagskrárlíð sem væri til umfjöllunar hverju sinni. Þetta er m.a. nauðsynlegt fyrir þann sem ritar fundargerðir og ekki síður skilvirkni funda.

1. Mál.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar. Á Egilsstöðum var samkomulag gert milli stjórnna LH. og HIS um að Birgir Sigurjónsson yrði formaður og Jón Albert Sigurbjörnsson varaformaður. Eftir er því að velja ritara og gjaldkera samtakanna.

2. Mál.

Rekstur skrifstofu LH.

Formaður hóf umræður um þennan dagskrárlíð og ræddi um húsnæðismál og starfsmannahald. Eftir samruna LH. og HIS er ljóst að samtökin munu aðeins reka eina skrifstofu í stað tveggja áður og breytinga er að vænta í starfsmannahaldi. Í máli formanns kom fram að LH. stendur til boða álitlegt leiguþúsnæði á góðum kjörum inni í Laugardal, en það húsnæði er í eigu ISI.

Töluverðar umræður urðu um húsnæðis- og starfsmannamál og var eftirfarandi tillaga samþykkt: Með tilliti til þess að samruni LH. og HIS er orðinn að veruleika er nauðsynlegt að sameina þær tvær skrifstofur sem nú eru starfandi í eina og þá jafnframt eðlilegt að segja upp starfsfólki beggja skrifstofanna frá og með 1. janúar 1998 að telja.

Fjallað var um endurráðningar starfsfólks en engar ákvarðanir teknar í því sambandi á þessum fundi. Formanni var falið að rita starfsfólkini uppsagnarbréf samkvæmt þessari ákvörðun stjórnarinnar. Þá var rætt um nauðsyn þess að skilgreina betur en hingað til hefur verið gert þau störf sem ráðið verður í hjá LH. og semja starfsþýsingar í samræmi við það.

Birgi Sigurjónssyni og Jóni Albert Sigurbjörnssyni var falið að afla nauðsynlegra upplýsinga um hugsanlegt leiguþúsnæði inni í Laugardal og kynna á næsta fundi stjórnar kosti þess og galla að vera þar með skrifstofuhald LH. í samanburði við að vera áfram í Bændahöllinni þar sem LH. hefur aðstöðu í dag.

3. Mál.

Farið yfir samþykktir ársþinga LH. og HIS.

Skrifstofa LH. hafði tekið saman og fjölrítað samþykktir og ályktanir ársþings LH. yfir stjórnarfundinn.

Formaður fór yfir þann lista sem fyrir lá alls 30 skjöl og urðu umræður um ýmsa málaflokka í tengslum við þessa yfirferð.

Skjöl:(Vísað er í þinggerð 48. ársþings LH. þegar hún kemur út).

- 01 Skýrsla stjórnar
- 02 Reikningar
- 03 Fjárhagsáætlun 1998
**Samkvæmt. þingskjali 30 er núverandi gjaldkerum LH. og HIS.
falið að ganga frá fjárhagsáætlun á grundvelli fjárhagsáætlana
beggja samtakanna fyrir árið 1998.**
- 04 Félagsaðild í hestamannafél. Samþ. á ársþ. aðeins breytt.
- 05 Lög LH. Samþ. aðeins breytt.
Lögin verði send laganefnd ISI til endanlegrar samþykktar.
- 06 Nám dómara **vísað frá**
- 07 Ruslatunnur á áningarárslöðum Breytt frá ferða- og umhv.
- 08 Viðmiðunarreglur v/ úthlutunar reiðvegafjár
vísað til milliþinganefndar
- 09 Afkvæmasýningar á hryssum
vísað til kynbótanefndar fagráðs
- 10 Br. á 10 gr. um dómara og dómstörf
vísað til milliþinganefndar
- 11 Rásbásar í kappreiðum Samþ. br. frá keppnisnefnd
**Skrifstofa LH. setji þetta inn í regur um framkvæmd lands- og
fjórðungsmóta í Lög og reglur LH.**
- 12 Vellir 300 m gæðingak. Samþ. óbreytt.
vísað til Mannvirkjanefndar LH.
- 13 Verðlaun v/barna-ungl- og ungmennafl. **áréttiing á reglum**
- 14 Úrslit í barnafl. knapar safnist saman Samþ.br.skj.14
Skrifstofa LH. setji þetta inn í Lög og reglur LH.
- 15 Dómari dæmi ekki maka osfrv. **vísað frá**
- 16 Um dómara og dómstörf 2.k. 2.1.3. Samþykkt
Skrifstofa LH. setji þetta inn í Lög og reglur LH.
- 17 Um dómara og dómstörf 15.gr. skeiðsýn.o.fl.
vísað til milliþinganefndar

- 18 3 dómarar dæmi á lands- og fjórðungasmótum
vísad til milliþinganefndar
- 19 Fjórðungsmót á milli landsmóta
Skrifstofa LH.setji þetta inn í Lög og reglur LH.
- 20 Landsmótasjóður breytt skj. nr. 28 kom í staðinn
Málið rætt tölvert og samþykkt að fela formanni og
framkvæmdastjóra LH. að vinna áfram að stofnun sjóðsins m.a. með
því að semja drög að reglugerð varðandi úthlutun úr sjóðnum í samráði
við Félag hrossabænda og Bændasamtök Íslands. Að þessari vinnu
lokinni komi málið aftur inn á stjórnarfund.
- 21 Verkstj. um kennsluefni f. alm. reiðm. **fellt á ársþinginu**
- 22 LH. beiti sér fyrir stofnun hestaíþrsk
vísad til fræðslunefndar
- 23 Myndbandsgerð um hesta og akandi umferð.
vísad til samgöngu- og ferðamálaneftndar
- 24 Fella niður brokk og skeið í ungm.fl. Samp.á ársþinginu
vísad til keppnisnefndar
- 25 Br.á lið 8 í 6.0.2. Ein umferð skeið osfrv. Samp.
Skrifstofa LH. setji þetta inn í Lög og reglur LH.
- 26 Um að Landsmótum LH. sé lokið fyrir 10. júlí
sjá Lög og reglur LH.
- 27 Dómnefnd kynbótahrossa 3 dómarar
vísad til kynbótaneftndar fagráðs
- 28 Árgjald kr. 1000 f. 16 ára og eldri (börn 25%) Samp. á ársþinginu.
**Fundurinn samþykkir að ákvæði í fyrri lögum LH. um að félagar
70 ára og eldri skuli áfram vera undanþegnir gjaldskyldu til sam-
takanna.**

4. Mál.

Forgangsröðun verkefna.

Formaður hóf umræðu um þennan dagskrálið. Töluluverðar umræður urðu um hvernig forgangsröðun verkefna ætti að vera. Stjórnin var sammála um að aðkallandi verkefni væri að skipa laganeftnd LH. Nefndin fengi það hlutverk að semja leiðbeinigar til hestamannafélaganna og íþróttadeilda þeirra um það hvernig breyta þyrfti lögum félaganna svo þau falli að breyttum lögum LH. sem starfar nú innan ISI.. Ennfremur þarf laganeftndin að gera héraðssamböndum, ungmennasamböndum og íþróttabanda-lögum í landinu grein fyrir breyttri stöðu LH. og óska eftir því við þau að hestamannafélögin verði aðilar að hlutaðeigandi sambandi og/eða bandalagi.hið allra fyrsta.

Eftirtaldir voru tilnefndir í laganeftnd:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson Gusti formaður, Jón Albert Sigurbjörnsson Fáki og Sigurður Ragnarsson Andvara.

Framkv.st. LH. falið að rita hestamannafélögunum bréf hið allra fyrsta og kynna fyrir-huguð störf laganeftndarinnar.

Ýmislegt fleira var rætt um fyrirhuguð forgangsverkefni stjórnar þ.á. m. að endursemja þyrfti starfslýsingar fastaneftnda og annarra milliþinganefnda samtakanna.

Ársþing HIS á Egilsstöðum samþykkti að fela stjórn LH. að ákveða hvar Íslandsmót í hestaíþróttum yrði haldið 1999. Ein umsókn liggur fyrir frá hestamannaféluginu Geysi

um að halda mótið á Gaddastaðaflötum. Stjórnin samþykkti umsóknina og felur framkvst. að tilkynna Geysi þessa ákvörðun með bréfi.

5. Mál.

Skipun starfsnefnda

Rætt var um að skipa í nokkrar nefndir á þessum fundi en fresta að skipa í aðrar þar til á næsta fundi stjórnar. Setja þarf öllum nefndum erindisbréf (starfslýsing) eins og tíðkast hefur hjá LH. og HIS. Nefndirnar tilnefni sjálfar formann nema mannvirkjan.

Mannvirkjanefnd. Tilnefndir voru Jónas Vigfússon formaður, Sigurgeir Bárðarson, Ásgeir J. Guðmundsson, Geirharður Þorsteinsson, Bjarni Sigurðsson.

Milliþinganefnd um dómaramál: Þormar Ingimarsson, Magnús Halldórsson, Hörður Hákonarson, Einar Ragnarsson og Haraldur Þórarinsson sem kallar nefndina saman.

Keppnisnefnd (milliþinganefnd): Sigbjörn Björnsson Reynir Hjartarson, Sigurður Ævarsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og Sigurður Marínusson sem kallar nefndina saman.

Aganefnd. Kristmundur Halldórsson, Jóhann Másson, Rúnar Sigurpálsson Verkefni nefndarinnar er m.a. að semja reglur um refsiákvæði í gæðingakeppni.

Fræðslunefnd. Pétur Berhens, Bergur Jónsson, Guðrún Ásdís Eysteinsdóttir

Frestað var að skipa í landsliðsnefnd, fjáraflanefnd, æskulýðsnefnd, útbreiðslu- og kynningarnefnd, landnýtingar- og umhverfisnefnd, samgöngu- og ferðamálanefnd,

Sigríður og Jón Albert voru tilnefnd til að semja drög að skipuriti fyrir útbreiðslu- og kynningarnefnd og leggja fyrir stjórnarfund hið fyrsta.

Undir þessum dagskrálið var rædd sú ákvörðun fyrrverandi æskulýðsnefndar LH. og HIS að halda Unglingamót FIEF (Youth Cup) á Íslandi 13. - 19. júlí n.k. Fram kom í umræðum að tímasetning mótsins orkaði mjög tvímælis með tilliti til þess að landsmóti LH á Melgerðismelum lyki daginn áður og því gæti orðið erfitt að útvega fólk til starfa og keppnishesta fyrir erlendu gestina. Einnig var rætt um kostnað við mótmaldið og á hvern hátt æskulýðsnefndin hygðist afla fjár til mótsins þannig að það bæri sig fjárhags-lega. Stjórninni kom á óvart hversu lítið þetta mál var upp á borðum fyrrverandi stjórn LH. og HIS. Vegna þessa máls var samþykkt að kalla æskulýðsnefndina á næsta fund stjórnar til viðræðna um þetta mál.

Önnur mál.

- Fundur Landverndar verður haldinn í Reykjavík 15.- 16. nóv. n.k. Framkvst. falið að finna fulltrúa frá LH. til að sækja fundinn.
- Formaður kynnti bréf frá hestamannafélaginu Dreyra í Borgarnesi þar sem fjallað er um göng fyrir ríðandi og gangandi umferð undir þjóðvegginn við Lönguása í landi Akraness. Vegagerð ríkisins er að ljúka vinnu við göngin. Göngin eru að mati hestamannafélagsins ekki nægjanleg fyrir ríðandi umferð og óskar félagið eftir

stuðningi LH. til að fá nauðsynlegar úrbætur á þessari framkvæmd..

Formanni og framkvæmdastjóra falið að kynna sér málið frekar með stuðning við Dreyra í huga. Jafnframt verði erindi Dreyra sent til mannvirkjanefndar LH. til umfjöllunar og úrvinnslu þar.

- c) Formaður sagði frá því að aðalfundur kynbótaneftnar fagráðs yrði haldinn 14. nóv. n.k. Fulltrúi LH. í stjórn fagráðs er Guðmundur Jónsson fyrrverandi formaður LH.
- d) Formaður kynnti bréf frá Bjarna Þór Sigurðssyni þar sem hann óskar eftir stuðningi stjórnar LH. til að hann fái upptökurétt til að kvíkmynda landsmót hestamanna á Melgerðismelum á næsta ári.
Framkvæmdaneftnd LM '98 og stjórn LH. hafa með þetta mál að gera. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um hvernig þessu verður fyrir komið á næsta landsmóti. Halldóri var falið að ræða við framkvæmdaneftndina um næstu skref í málinu og koma með upplýsingar á næsta stjórnarfund. Framkvst. falið að kynna Bjarna að þessi mál séu í athugun.
- e) Formaður og framkvæmdastjóri kynntu bréf sem skrifstofa LH. ritaði Flugleiðum þar sem fjallað er um frímiða LH. og HIS á árunum 1996 og 1997. Framkvst. falið að koma þessum málum á hreint við Flugleiðir.
- f) Framkvæmdastjóri kynnti bréf sem hann hafði ritað stjórn Framleiðnisjóðs er varðar stofnun Landsmótasjóðs.
- g) Uppskeruháttíð hestamanna verður haldin að hótel Sögu 14. nóv. n.k. Í tilefni þess bauð Jón Albert stjórnarmönnum og mökum heim til sín þann sama dag milli 6 og 7 síðdegis að þiggja léttar veitingar áður en hópurinn héldi á hátíðina.

Formaður þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit síðan fundi kl. 19.15

Næsti fundur stjórnar ákveðinn miðvikudaginn 3. desember n.k.